

LÖG

OG REGLUGERÐIR

Grafíu – stéttarfélags í prent- og miðlunargreinum

apríl 2018.

Lög Grafíu.

1. KAFLI

Nafn, heimili, starfssvæði,

tilgangur og iðnsvið

- 1.1. Félagið heitir Grafía – stéttarfélag í prent- og miðlunargreinum.
- 1.2. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík, en starfssvæði þess er allt landið.
- 1.3. Félagið er samtök launafólks í prentiðnaði, grafískri hönnun og tengdum miðlunargreinum og tilgangur þess er:
 - að efla einingu félagsmanna og standa vörð um hagsmuni þeirra í hvívetna,
 - að styrkja félagsmenn í atvinnuleysi, veikindum og þegar þeir verða að láta af störfum fyrir örorku eða aldurs sakir,
 - að semja um lágmarkslaun og önnur kjör fyrir félagsmenn,
 - að standa vörð um hagsmuni félagsmanna á vinnumarkaði og í atvinnumálum almennt.
- 1.4. Iðnsvið: Löggildar iðngreinar í prentiðnaði (prentsmíð,prentun og bókband), grafískri hönnun, skyldum miðlunargreinum og aðstoðarstörf þeim tengd.

2. KAFLI

Aðildarsambönd

- 2.1. Félagið er aðili að Alþýðusambandi Íslands (ASÍ), Nordisk Grafisk Union (NGU), UNI Global Union (UNI), (Uni Graphical & packaging - Uni Europa Graphical & packaging), Fjölmíðlasambandinu (FMS) og Myndstef.

3. KAFLI

Félagsaðild

- 3.1. Félagsmenn geta þeir orðið, sem hafa full iðnréttindi í þeim iðngreinum sem getur í 1.5 og starfa sem launtakar í iðngreinum þessum. Auk þess namar í sömu iðngreinum, svo og óiðnlært fólk, sem rétt hefur til vinnu að framleiðslustörfum á starfssviði félagsins.
- 3.2. Umsækjendur um félagsaðild skulu óska aðildar að félaginu með inntökubeiðnum á þar til gerðum eyðublöðum eða með skilum á gjöldum til félagsins. Aðild að félaginu skal staðfest af skrifstofu félagsins þegar umsækjandi hefur greitt félagsgjald í 4 mánuði. Nú hefur launamaður sem ekki hefur sótt um félagsaðild, greitt félagsgjald í samræmi við ákvörðun aðalfundar félagsins á hverjum tíma, skal félagið innan 6 mánaða eftir að félagsgjaldi var fyrst skilað senda viðkomandi tilkynningu um staðfestingu á inngöngu í félagið. Geri hann ekki athugasemdir um aðild innan 10 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar telst hann orðinn félagsmaður. Um iðgjöld þeirra sem ekki kjósa að gerast félagsmenn, gilda ákvæði kjarasamninga félagsins á hverjum tíma. Sé vafi um rétt til aðildar skal stjórn úrskurða um málið. Unnt er að skjóta þeirri ákvörðun til úrskurðar trúnaðarráðs.
- 3.3. Enginn telst fullgildur félagsmaður, fyrr en gjöld berast til félagsins og er honum þá afhent félagsskírteini, sem er sannindamerki um félagsréttindi hans.
- 3.4. Þeir félagar Grafíu sem gerast kennarar við Tækniskólann, skóla atvinnulífsins (Upplýsingatækniskólann) geta verið í því áfram með fullu málfrelsi og tillögurétti á opnum fundum félagsins án sérstaks félagsgjalds.
- 3.5. Eigi má taka inn féлага sem er skuldugur eða stendur í óbættum sökum við annað félag í ASÍ.
- 3.6. Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og skal henni beint til stjórnar félagsins. Óheimilt er að segja sig úr félaginu: ef fram hefur komið tillaga um uppsögn kjarasamninga, eða eftir að kjarasamningum hefur verið sagt upp, og þar til verkfalli hefur verið frestað eða aflýst og nýir samningar undirritaðir eða samþykktir,

- ef tilgangurinn með úrsögninni er að taka upp störf félagsmanna í öðrum verkalýðsfélögum, sem lagt hafa niður vinnu vegna deilu.

4. Kafli

Réttindi og skyldur félagsmanna

4.1. Réttindi félagsmanna eru:

- kjörgengi í trúnaðarstörf innan félagsins og á vegum þess,
- málfrelsi, tillöguréttur og atkvæðisréttur um málefni félagsins, að því leyti, sem rétti þessum eru ekki takmörk sett í lögum þessum eða fundarsköpum,
- réttur til styrks úr sjóðum félagsins skv. fyrirætlum reglugerða þeirra.

4.2. Skyldur félagsmanna eru:

- að hlýða lögum félagsins, samþykktum og samningum þess í hvívetna,
- að greiða áskilin gjöld til félagsins og sjóða þess á réttum tíma,
- að gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið,
- að vinna ekki með ófélagsbundnum mönnum að störfum, sem heyra undir starfssvið félagsins, nema um sé að ræða, forstjóra, eiganda eða meistara viðkomandi fyrirtækis, enda sé hinn sami með tilskilin réttindi og jafnframt fulltrúi fyrirtækisins í samtökum atvinnurekenda,
- að tilkynna stjórn félagsins, verði þeir þess varir að samningum eða lögum félagsins sé ekki hlýtt.

4.3. Sá sem gegnt hefur trúnaðarstörfum fyrir félagið í samfelld 4 ár eða lengur, getur skorast undan kosningu næstu 4 árin.

5. Kafli

Réttindamissir og brottrekstur.

5.1. Félagsmaður getur glatað félagsréttindum sínum um lengri eða skemmri tíma ef hann:

- brýtur lög eða samþykktir félagsins, eða hlýðir ekki fyrirætlum þess,
- greiðir ekki áskilin gjöld á réttum gjalddaga,
- veldur félaginu tjóni eða verulegum álitshnekkjum.

- 5.2. Stjórn félagsins skal taka ákvörðun um viðurlög við brotum félagsmanna á skyldum sínum við félagið. Ákvörðun stjórnar skal vera í úrskurðarformi, skrifleg og rökstudd. Félagsmenn geta skotið niðurstöðu stjórnar til úrlausnar félagsfundar eða gerðardóms skv. 15. kafla, og er niðurstaða þessara úrskurðaraðila endanleg, sjá þó 15. kafla.
- 5.3. Þau viðurlög sem stjórn og félagsfundi/gerðardómi er heimilt að beita eru:
- áminning,
 - réttindamissir um lengri eða skemmri tíma,
 - svipting réttinda að fullu,
 - fésektir, sem þó mega aldrei vera hærrí en mánaðarlaun viðkomandi.
- 5.4. Sá, sem ekki hefur greitt áskilin gjöld til félagsins í 6 mánuði skal felldur út af félagaskrá, með ákvörðun stjórnar. Þeirri ákvörðun er ekki unnt að áfrýja.
- 5.5. Ekki skulu þeir félagsmenn, sem hverfa að störfum í verkalýðshreyfingunni neins missa af félagsréttindum sínum, enda greiði þeir áskilin gjöld til félagsins.
- 5.6. A) Þeir félagsmenn, sem hætta störfum sökum aldurs (67 ára eða eldri) eru undanþegnir gjaldskyldu. Ekki skulu þessir félagsmenn þó missa neins af félagsréttindum sínum.
- B) Félagsmönnum sem hætta störfum og hefja töku lífeyris fyrir 67 ára aldur en vilja halda félagsréttindum sínum ber að greiða hálf félagsgjald eins og það er á hverjum tíma.
- 5.7. Leggi félagsmaður niður vinnu að boði félagsins, án þess að um verkfall sé að ræða, skal félagið ábyrgjast honum a.m.k. hálf þau vikulaun er hann áður hafði, þann tíma sem hann er atvinnulaus af þessum sökum.
- Nú getur félagið séð félagsmanni fyrir sambærilegri vinnu með sömu launum og hann áður hafði, er honum skylt að taka við henni, ella glatar hann rétti til launa frá félaginu.

6. Kafli

Stjórnkerfi félagsins

6.1. Stjórn félagsins

6.1.1. Stjórn félagsins skipa 7 menn: formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og 3 meðstjórnendur.

6.1.2. Formaður skal kosinn sérstaklega til tveggja ára, og skal kosning hans fara fram í janúar. Sá er tekur við störfum formanns á aðalfundi, skal hafa rétt til setu á

stjórnarfundum, með málfrelsi og tillögurétti, frá þeim tíma sem honum er kunnugt um kjör sitt.

- 6.1.3. Aðrir stjórnarmenn skulu einnig kjörnir til tveggja ára. Kjósa skal 3 stjórnarmenn árlega í stað þeirra 3, sem út ganga eftir tveggja ára setu.
- 6.1.4. Nú er einhver þeirra stjórnarmanna, sem aðeins hafa setið eitt ár í stjórn, kjörinn formaður, og tekur þá varamaður sæti hans í stjórninni.
- 6.1.5. Varastjórn er kosin samtímis og aðalstjórn.

6.2. Trúnaðarmenn og trúnaðarráð

- 6.2.1 Kjósa skal trúnaðarmann (menn) á hverjum vinnustað í samræmi við kjarasamninga hverju sinni. Skal kjör þeirra vera til tveggja ára og fara fram að hausti til.
- 6.2.2. Trúnaðarráð skal kosið til tveggja ára. Kjósa skal 18 aðalmenn og 6 til vara. Félagsmönnum á Akureyri skal tryggt, að a.m.k. 1 maður komist í trúnaðarráð. Skal norðanmaður, er flest atkvæði hlýtur en nær ekki kosningu, taka sæti sem 18. maður, en sá sem fyrir var verði 1. varamaður. Þessi regla kemur þó ekki til framkvæmda, ef norðanmaður nær lögmætri kosningu. Reglan gildir að sjálfsgöðu ekki ef ekki er stungið upp á féлага frá Akureyri til setu í trúnaðarráði.
- 6.2.3. Auk þeirra skulu allir stjórnarmenn vera í trúnaðarráðinu.

7. Kafli

Framboð og kosning stjórnar og trúnaðarráðs

- 7.1. Tillögur um formann skulu studdar fæst 20 en flest 50 félagsmönnum og skulu tillögur þessar hafa borist stjórn félagsins fyrir eindaga, sem auglýstur skal tryggilega hverju sinni. Kosning skal fara fram með allsherjaratkvæðagreiðslu og vera skrifleg.
- 7.2. Kjör annarra stjórnarmanna en formanns skal fara fram eigi síðar en mánuði fyrir aðalfund. Skulu stjórnarmenn þessir kosnir beinni kosningu.
- 7.3. Tillögur um þrjá menn í stjórn, og tvo menn í varastjórn á sama hátt, sem studdar skulu fæst 20 en flest 50 félagsmönnum, verða að berast fyrir eindaga, sem stjórn félagsins tilkynnir hverju sinni. Samþykki þeirra sem tillaga er um þarf að liggja fyrir.
- 7.4. Þegar skilafrestur á framboðum til stjórnarkjörs er liðinn, skal stjórn félagsins sameina þau þannig að nafn hvers frambjóðanda komi aðeins einu sinni fram á kjörseðli. Greinilega skal auðkenna hverjir eru í framboði til aðalstjórnar og hverjir til varastjórnar. Sá sem er í framboði til aðalstjórnar getur ekki verið í framboði til varastjórnar samtímis. Við allar kosningar í félaginu skal raða á

kjörseðil með útdrætti og skal boða fulltrúa framkominna lista til að vera þar viðstadda.

- 7.5. Síðan skal stjórnarkjör fara fram. Geta félagsmenn kosið þá sem í kjöri eru, með því að setja (X) fyrir framan nafn hvers frambjóðanda. Við fleiri menn en kjósa skal má ekki merkja.
- 7.6. Þeir sem flest atkvæði fá teljast rétt kjörnir.
- 7.7. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum á fyrsta fundi eftir þann aðalfund, er hún tekur við störfum á.
- 7.8. Nú er trúnaðarráðsmaður kjörinn í stjórn félagsins, og skal þá varamaður hans í trúnaðarráðinu taka við starfa hans þar.
- 7.9. Kosning í trúnaðarráð skal fara fram að hausti og vera lokið fyrir 1. nóvember, en þá hefst kjörtímabil þess. Tillögur um 18 menn í trúnaðarráð og sex menn til vara, sem studdar skulu fæst 20 en flest 50 félagsmönnum, verða að berast fyrir eindaga sem stjórn félagsins tilkynnir hverju sinni.
- 7.10. Kosningu til trúnaðarráðs skal að öðru leyti framkvæma á sama hátt og kosningu til stjórnar. Þeir 18 menn sem flest atkvæði fá teljast réttkjörnir aðalmenn, og þeir sex sem næstir koma í atkvæðamagni teljast rétt kjörnir varamenn, sbr. þó undantekningu samkvæmt grein 6.2.2.

8. Kafli

Störf stjórnar-, einstakra stjórnarmanna-, trúnaðarmanna, trúnaðarráðs og kjörinna félagslegra skoðunarmanna.

8.1. Störf stjórnar

- 8.1.1. Stjórn félagsins skal sjá um að kosning trúnaðarmanna fari fram, svo sem lög þessi kveða á um.
- 8.1.2. Stjórnin skal sjá um að aðalfundur sé haldinn á réttum tíma og aðrir fundir séu haldnir er þörf krefur. Stjórnin skal sjá um að lögum þessum sé framfylgt í hvívetna.
- 8.1.3. Stjórninni skal skylt að aðstoða atvinnulausa félagsmenn í atvinnuleit.
- 8.1.4. Stjórnin skal annast rekstur félagsins milli aðalfunda, varðveita öll bréf, send og móttækin, og önnur gögn er félagið varða og störf þess. 7 virkum dögum fyrir hvern aðalfund skal stjórnin leggja fram greinilega skýrslu um störf sín, framkvæmdir félagsins og störf þess.

8.2. Störf einstakra stjórnarmanna

- 8.2.1. Formaður félagsins er forseti stjórnar þess. Hann kveður til stjórnarfunda, svo oft sem honum þykir þurfa með, þó ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði. Formanni ber að kveðja stjórn saman til fundar þegar í stað, ef 3 eða fleiri stjórnarmenn krefjast þess. Formaður stýrir stjórnarfundum.
- 8.2.2. Ritari félagsins ritar í stjórnarfundargerðarbók stuttorða og greinilega skýrslu um það sem fram fer á stjórnarfundum. Skulu allir viðstaddir stjórnarmenn undirrita fundargerðina. Á sama hátt skal hann rita í þar til gerða fundargerðarbók það sem fram fer á almennum félagsfundum og aðalfundum. Sem fyrst eftir hvern félagsfund og ekki síðar en á tíunda vinnudegi eftir fund, skal fundargerð liggja frammi á skrifstofu félagsins félagsmönnum til sýnis. Skal félagsmönnum heimilt að gera skriflegar athugasemdir við fundargerðina og er ritara skylt að færa slíkar athugasemdir til bókar, enda sé lengd þeirra ekki úr hófi.
- 8.2.3. Gjaldkeri, eða starfsmaður félagsins í umboði hans, varðveitir sjóði félagsins og verðbréf, greiðir reikninga, ábyrgist færslu sjóðbóka, höfuðbóka og ársreikninga sjóðanna fyrir 1. mars ár hvert.
- 8.2.4. Gjaldkeri, eða starfsmaður félagsins í umboði hans, skal í samráði við aðra stjórnarmenn sjá um að peningaeign félagsins skuli ávöxtuð á sem hagkvæmasta hátt í viðurkenndum fjármálafyrirtækjum. Þyki hagkvæmt að ávaxta peningaeign félagsins með öðrum hætti, og allir stjórnarmenn eru sammála þar um, skal leita samþykkis meirihluta félagsmanna á félagsfundi.
- 8.2.5. Gjaldkeri, eða starfsmaður félagsins í umboði hans skal sjá um að reikningar félagsins séu endurskoðaðir og áritaðir af löggiltum endurskoðanda, og skulu þeir lagðir fram endurskoðaðir á skrifstofu félagsins til sýnis öllum félagsmönnum, eigi síðar en viku fyrir aðalfund.

8.3. Störf trúnaðarmanna og trúnaðarráðs

- 8.3.1. Trúnaðarráð ræður starfsfólk félagsins og ákveður launakjör þess. Starfsfólk annast daglegan rekstur eftir fyrirmælum stjórnar. Stöður starfsfólks skulu auglýstar.
- 8.3.2. Trúnaðarmenn skulu gæta þess, að lög og kjarasamningar séu haldnir, og vera tengiliðir milli starfsmanna og félagsins. Trúnaðarmenn skulu aðstoða gjaldkera eftir megni við innheimtu félagsgjalda.
- 8.3.3. Trúnaðarráð félagsins hefur vald til að fjalla um og taka ákvörðun um eftirfarandi atriði:
- ráðningu starfsfólks félagsins,
 - undirbúa kröfugerð og segja upp samningum,
 - taka ákvörðun um allsherjaratkvæðagreiðslu um vinnustöðvun,

- mál, sem skjótrar afgreiðslu þarfnast og stjórnin vísar til ráðsins,
 - mál, sem undirbúa þarf fyrir aðal- og félagsfund, séu þau mikilvæg.
- 8.3.4. Fundir trúnaðarráðs eru lögmætir ef mættur er meirihluti ráðsins, þar af meirihluti stjórnar. Til samþykktá ákvarðana ráðsins nægir einfaldur meirihluti, en þeim ákvörðunum geta 8 ráðsmenn skotið til félagsfundar til afgreiðslu, og skal slíkt málskot fresta framkvæmd ákvarðana ráðsins.
- 8.3.5. Trúnaðarráð kýs sér fundarstjóra og ritara í upphafi kjörtímabils.

8.4. Störf félagslegra kjörinna skoðunarmanna.

- 8.4.1. Félagslegir skoðunarmenn, sem kjörnir eru á aðalfundi, skulu jafnan fylgjast með reikningshaldi félagsins, og staðreyna reikninga þess ef þurfa þykir. Telji félagslegir skoðunarmenn, að fjárráðstafanir gjaldkera eða stjórnar samræmist ekki hagsmunum félagsins, skulu þeir kæra ráðstafanir þessar til félagsfundar. Verði félagslegir skoðunarmenn varir við fjármálamisferli í rekstri félagsins, skal þeim skylt að hlutast til um opinbera rannsókn. Fallist hinir félagslega kjörnu skoðunarmenn á reikninga félagsins, skulu þeir rita samþykki sitt á reikningana áður en þeir eru lagðir fram á aðalfundi.

9. Kafli

Fundir

- 9.1. Aðalfund skal halda í mars eða apríl ár hvert, og skal stjórn félagsins boða til hans með minnst viku fyrirvara í fjölmiðlum og á vinnustöðum félagsmanna. Greina skal skýrlega í fundarboði dagskrá fundarins og skal einkum geta lagabreytinga ef fyrirhugaðar eru.
- 9.2. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins, nema gerð sé lögleg undantekning þar á.
- 9.3. Dagskrá aðalfundar skal vera:
1. Starfsskýrsla stjórnar og nefnda fyrir liðið starfsár flutt.
 2. Lagðir fram ársreikningar áritaðir af löggiltum endurskoðanda og yfirlit yfir sjóði félagsins til samþykktar.
 3. Lagabreytingar ef fyrir liggja.
 4. Stjórnarskipti.
 5. Kosning tveggja félagslegra skoðunarmanna, og tveggja til vara.
 6. Kosning ritstjóra.

7. Kosning fulltrúa í fulltrúaráð Birtu lífeyrissjóð.
8. Nefndakosningar.
9. Önnur mál.
- 9.4. Aðalfundur er löglegur, sé löglega til hans boðað, og mættur er meirihluti trúnaðarráðs eða eigi færri en 35 félagsmenn, þar af meirihluti stjórnar. Verði aðalfundur ekki löglegur, skal boða til nýs aðalfundar á sama hátt með þriggja daga fyrirvara og er sá fundur lögmætur, án tillits til mætingar.
- 9.5. Tillögur til lagabreytinga skulu vera komnar fram fyrir eindaga sem stjórnin ákveður hverju sinni og skulu þær vera félagsmönnum til sýnis í 7 virka daga fyrir hvern aðalfund, sem og skýrsla stjórnar og nefnda og fundargerðarbækur.
- 9.6. Félagsfundir skulu haldnir svo oft, sem stjórn félagsins telur þörf á, eða 35 félagsmenn hið fæsta krefjast þess. Félagsfundir skulu boðaðir með tveggja daga fyrirvara með auglýsingu í fjölmiðlum og með tilkynningum á vinnustöðum. Fundarefnis skal getið í auglýsingum. Nú er félagsfundir ætlað að fjalla um mál, sem valdið getur félagsmanni réttindamissi, og skal þá greina skýrlega í fundarboði að svo geti orðið.
- 9.7. Félagsfundur er lögmætur, sé löglega til hans boðað.
- 9.8. Nú hlýtur mikilvægt mál afgreiðslu á félagsfundir með tiltölulega fáum atkvæðum, og er þá stjórn félagsins heimilt að skjóta þeirri niðurstöðu félagsfundar til allsherjaratkvæðagreiðslu til endanlegrar afgreiðslu. Fylgja skal fáorð greinargerð frá ágreiningsaðiljum.
- 9.9. Fundum á vegum félagsins skal stýrt eftir fundarsköpum þess.

10. Kafli

Um fjármál félagsins, sjóði þess og fleira.

10.1. Sjóðir félagsins eru:

- a. Félagssjóður.
- b. Styrktar- og tryggingasjóður.
- c. Sjúkrasjóður.
- d. Orlofssjóður.
- e. Fræðslusjóður Grafíu.

Stjórn sjóðanna er í höndum félagsstjórnar. (Undantekning: Sbr. kjarasamning um Fræðslusjóð).

- 10.2. Félagsgjöld skal ákveða á aðalfundi, sem einnig ákveður skiptingu þeirra milli sjóða, og þarf tillaga um hvort tveggja að liggja frammi eigi síðar en viku fyrir aðalfund.
- 10.3. Styrkir úr sjóðum félagsins miðast við að greidd séu full félagsgjöld sem tengjast viðkomandi starfi. Í þeim tilfellum sem ekki er greitt fullt félagsgjald reiknast styrkir hlutfallslega af greiddu félagsgjaldi síðastliðna 6 mánuði.
- 10.4. Gjaldldagi félagsgjalda er hvern kaupgreiðsludag. Gjaldkera skal ekki heimilt að veita gjaldfrest án samþykkis meirihluta stjórnar.
- 10.5. Félagssjóður greiðir allan kostnað við rekstur félagsins, útgáfu málgagns þess og skatta til aðildarsamtaka.
- 10.6. Reikningsár félagsins og sjóða þess er almanaksárið.
- 10.7. Breytingar á reglugerðum eru háðar sömu meðferð og breytingar á lögum félagsins.
- 10.8. Ágreining út af reglugerðum félagsins skal útkljá á sama hátt og ágreining út af lögum þess.

11. Kafli

Heiðursfélagar

- 11.1. Heiðursfélagar geta þeir orðið, sem unnið hafa félaginu eða starfssviði þess sérstaklega mikið gagn. Heiðursfélagar skulu valdir á aðalfundi mótatkvæðalaust. Heiðursfélagar eru undanþegnir gjaldskyldu og skyldu til að gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið, en að öðru leyti njóta þeir réttinda og bera skyldur svo sem lög þessi mæla fyrir um.

12. Kafli

Útgáfustarfsemi

- 12.1. Félagið skal gefa út blað (Prentarann) er skal birta greinar er varða framfarir og nýjungar á starfssviði félagsins, félagsleg málefni og skýrslur.
- 12.2. Blaðinu skal ritstýrt í samræmi við ákvörðun aðalfundar og skal ábyrgðarmaður, sem jafnframt er ritstjóri, kosinn sérstaklega.
- 12.3. Stjórnin skal annast útgáfu fréttabréfa.

13. Kafli

Nefndir

13.1. Fræðslunefnd skal kosin á aðalfundi annað hvert ár, til tveggja ára. Leitast skal við að í nefndina veljist menn sem spanna iðngreinar félagsins. Starfssvið nefndarinnar er:

- að vera ráðgefandi fyrir fulltrúa félagsins í fræðslumálum,
- að vera ráðgefandi og umsagnaraðili í málum er snerta iðnréttindi og stjórn félagsins vísar til hennar.
- fræðslunefnd er ekki stjórnunareining.

13.2. Aðrar nefndir skulu kosnar á aðalfundi eftir því sem þurfa þykir og aðalfundur ákveður.

14. Kafli

Starfsmenn Grafíu

14.1. Starfsmenn félagsins skulu ráðnir í samræmi við grein 8.3.1. Ekki geta menn verið starfsmenn félagsins lengur en til eftirlaunaaldurs, eins og hann er lögum samkvæmt hverju sinni. Til þess að treysta atvinnuöryggi þeirra sem veljast til starfa fyrir félagið skal þeim sem hafa starfað í þrjú ár eða lengur tryggður aðlögunarstyrkur, sem nemur fjórum mánaðarlaunum viðkomandi, er hann lætur af störfum. Þó ekki er hann lætur af störfum sökum aldurs. Þeir sem starfað hafa skemur skal tryggður aðlögunarstyrkur í samræmi við starfslengd.

15. Kafli

Gerðardómur

15.1. Rísi ágreiningur út af lögum þessum milli:

- félagsmanna innbyrðis,
- félagsmanna og stjórnar,
- félagsmanna og trúnaðarráðs,

skal hvorum aðila um sig heimilt að skjóta ágreiningnum til gerðardóms félagsins.

15.2. Skipan gerðardómsins skal vera með þeim hætti, að hvor deiluaðilda tilnefndir tvo menn til setu í dómnum og þessir fjórir menn koma sér síðan saman um oddamann. Náist ekki samstaða um oddamann, skal hann tilnefndur af dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur. Oddamaður skal ætíð vera lögfræðingur.

15.3. Úrskurður gerðardóms um efnisatriði skal vera endanlegur.

15.4. Ágreiningur út af efnisatriðum í lögum þessum verður ekki borinn undir dómstóla.

16. Kafli

Niðurlagsákvæði

16.1. Lögum þessum, eða reglugerðum settum skv. þeim, verður ekki breytt nema á lögætum aðalfundi með 2/3 greiddra atkvæða.

16.2. Lagabreytingar taka ekki gildi fyrir en eftir staðfestingu ASÍ.

16.3. Félaginu verður því aðeins slitið, að 3/4 fundarmanna á lögætum aðalfundi samþykki, og það sé síðan samþykkt með 3/4 greiddra atkvæða við almenna, skriflega, atkvæðagreiðslu meðal allra félagsmanna.

16.4. Úrsögn úr ASÍ, er aðeins gild að hún hafi verið samþykkt með 2/3 atkvæða í allsherjaratkvæðagreiðslu og fer að öðru leyti eftir lögum ASÍ eins og þau eru á hverjum tíma.

Reglugerð Styrktar- og tryggingasjóðs

1. gr. Sjóðurinn heitir Styrktar- og tryggingasjóður Grafíu og er eign félagsins.
2. gr. **Tilgangur sjóðsins er:**
 - að veita fjárhagslegan stuðning í vinnudeilum,
 - að annast rekstur og viðhald fasteigna sjóðsins,
 - að styrkja félagsmenn til öflunar fræðslu.
3. gr. **Tekjur sjóðsins eru:**
 - a. Hluti af félagsgjöldum, eins og ákveðið er á aðalfundi hverju sinni.
 - b. Allar tekjur af eignum sjóðsins.
4. gr. **Um styrki í vinnudeilum.**
 - 4.1. Aðnjótandi styrks getur hver fullgildur félagsmaður orðið, ef hann er ekki í óbættum sökum við félagið.
 - 4.2. Félagið skal veita styrk:
 - a. þegar félagið á í vinnudeilum (verkfalli eða verkbanni),
 - b. til fullnægingar ákvæða gr. 5.7. í félagslögum.
 - 4.3. Enginn einhleypur fær samkvæmt a-lið 4.2. lægri styrk á viku en 30% af lágmarkslaunum iðnlærðs félagsmanns, en félagar í hjúskap 40%, sem að auki fá 1% á sömu lágmarkslaun með hverju barni innan 16 ára aldurs, er á framfæri félagsmanns er, en þó aldrei yfir 45%.
 - 4.4. Þegar vinnustöðvun ber að höndum, ber stjórn félagsins að taka ákvörðun um upphæð styrksins samkvæmt framansögðu. Stjórninni er heimilt að breyta þeirri ákvörðun síðar, ef hún telur ástæður til eða nauðsyn bera til.
 - 4.5. Nú á félagið í deilu, sem orsakar verkfall eða verkbann, ber þá hverjum félagsmanni skylda til eftir fremsta megni að útvega sér aðra vinnu meðan á deilunni stendur, eða taka þeirri vinnu, sem stjórn félagsins kann að geta útvegað honum og hann telur sig færán um að leysa af hendi.
5. gr. **Um fasteignir.**
 - 5.1. Sjóðstjórn hefur með höndum umsjá fasteigna félagsins.
 - 5.2. Sjóðstjórn sér um viðhald og/eða breytingar á eignunum og gerð leigusamninga.

5.3. Allar meiri háttar eignabreytingar eru háðar samþykki félagsfunda.

6. gr. **Styrkir til náms.**

6.1. Veita skal félagsmönnum möguleika á að leita sér aukinnar menntunar, með því að styrkja námskeið sem haldin eru til að auka verklega og félagslega þekkingu.

Reglugerð Sjúkrasjóðs

1. gr. Sjóðurinn heitir Sjúkrasjóður Grafíu og er eign félagsins.
2. gr. Tilgangur sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum lágmarkstekjur ef þeir missa vinnutekjur vegna sjúkdóma eða slysa, þó ekki ef um er að ræða varanlega örorku eða eftirlaunaaldur og taka þátt í útfararkostnaði við andlát sjóðfélaga. Þá er tilgangur sjóðsins að stuðla að fyrirbyggjandi heilsuvernd eftir því sem tilefni gefast til slíks og skal þá miða við að sem flestir sjóðfélagar njóti góðs af henni og í þessu sambandi skal ávallt taka fullt tillit til ráðstöfunarfjár sjóðsins.
3. gr. Tekjur sjóðsins eru framlög atvinnurekenda skv. kjarasamningi félagsins og vaxtatekjur af eignum sjóðsins.
4. gr. Rétt á styrk úr sjóðnum hafa löglegir og skuldlausir félagsmenn, enda séu greiðslur þeirra vegna til sjóðsins byrjaðar að berast. Heimilt er þó að taka tillit til framlagðra launaseðla, sem sanna að iðgjöld hefðu átt að vera byrjuð að berast vegna viðkomandi sjóðfélaga.

Heimilt er sjóðstjórninni, liggi til þess gildar ástæður, að veita félagsmanni styrk vegna veikinda þó hann uppfylli ekki öll skilyrði um styrkveitingu.

Undirstrikað skal í þessu sambandi að gildar ástæður liggi að baki slíkrar styrkveitingar og að a.m.k. fimm stjórnarmenn séu henni sammála.

5. gr. Nú hverfur sjóðfélagi úr félaginu eða úr starfi því sem veitti honum aðild að sjóðnum og missir hann þá rétt til greiðslna úr sjóðnum. Sjóðurinn tekur þó þátt í útfararkostnaði félaga sem látið hefur af starfi fyrir aldurs sakir eða varanlegrar örorku.
6. gr. Til að öðlast styrk úr sjóðnum, þarf að berast skrifleg umsókn frá væntanlegum styrkþega eða nánustu aðstandendum hans. Með umsókn um styrk skal fylgja læknisvottorð, er tilgreini þann dag er veikindi bar að höndum og vottorð frá atvinnurekanda er tilgreini hvenær umsækjandi hætti að fá laun að meðtöldum veikindadögum og hver launin hafa verið síðustu sex mánuði. Heimilt er sjóðstjórn að krefjast launaseðla til samanburðar. Eftir að greiðslur hefjast skal styrkþegi vera viðbúinn því að gangast undir læknisskoðun, ef sjóðstjórn æskir þess.
7. gr. Styrkir úr sjóðnum skulu vera sem hér segir:
 - a) Styrkur greiðist frá og með fyrsta degi eftir að lögboðinni eða samningsbundinni greiðslu atvinnurekenda lýkur. Dagkaup er 1/5 af vikukaupi.
 - b) Styrkur greiðist í allt að sex mánuði (26 vikur) til sjóðfélaga sem á í samfelldum veikindum, sbr. 2. grein. Upphæð styrksins miðast við þann iðgjaldsstofn sem greitt hefur verið af til sjóðsins vegna sjóðfélagans síðustu sex

mánuði, sbr. 4.gr. og 5.gr. Styrksupphæð reiknast af grunni sem finnst með því að deila með 26 í iðgjaldsstofninn.

1. Fyrstu 26 vikurnar greiðist 80% af grunni á viku.
 2. Stjórn sjóðsins er heimilt að greiða styrk í allt að 8 vikur til viðbótar rétti skv. b. lið ef sjóðfélagi á í langvarandi veikindum.
 3. Eftir að greiðslur hefjast skal styrkþegi njóta sambærilegra hækkana og koma á kaup-taxta félagsins hverju sinni.
 4. Mánaðarleg greiðsla getur þó ekki verið hærri en 777.287 kr. á mánuði. (Bótafjárhæð miðast við launavísitölu 1. janúar 2015)
 5. Dagpeningar skv. grein þessari greiðast ekki vegna bótaskyldra slysa og atvinnusjúkdóma, þ.m.t. bifreiðaslysa, ef fyrir liggur við umsókn bóta að bætur greiðist skv. skaðabótalögum. Leiki vafi á um skaðabótaskyldu vegna vinnuslyss getur sjúkrasjóður ákveðið greiðslu til sjóðfélaga og áskilið sér rétt til endurgreiðslu ef síðar kemur í ljós að tjón reynist skaðabótaskyld.
- c) Styrkur greiðist í allt að 30 daga á hverju 12 mánaða tímabili vegna veikinda barna enda missi sjóðfélagi launatekjur vegna þeirra. Greiðslur skulu ekki nema lægri fjárhæð m.v. starfshlutfall sjóðfélaga en 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum.
- d) Dagpeningar í allt að 90 daga, að loknum kjarasamningsbundnum greiðslum launagreiðanda vegna langveikra og alvarlega fatlaðra barna. Greiðslur skulu ekki nema lægri fjárhæð m.v. starfshlutfall sjóðfélaga en 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum. (Með langveikum börnum er átt við börn undir 18 ára aldri sem greinast með alvarlegan og/eða langvinnan sjúkdóm og þarfnast sérstakrar umönnunar. Með alvarlega fötluðum börnum er átt við börn undir 18 ára aldri sem greinast með alvarlega greindarskerðingu, geðraskanir eða alvarlega líkamlega hömlun og þarfnast sérstakrar umönnunar.)
- e) Dagpeningar í allt að 90 daga vegna mjög alvarlegra veikinda maka. Greiðslur skulu ekki nema lægri fjárhæð m.v. starfshlutfall sjóðfélaga en 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum.
- f) Berist umsókn frá sjóðfélagi, sem útskrifast af viðurkenndu endurhæfingarhæli vegna ofneyslu áfengis eða fíkniefna, er stjórn heimilt að veita fjárhagsstuðning í allt að 6 vikur sem nemur 80% af mánaðarlaunum viðkomandi.
- g) Þátttaka í kostnaði, allt að 50% af hluta sjóðfélaga, vegna endurhæfingar á heilsustofnun, sjúkrabjálfunar og sjúkranuðds, sem farið er í að lækniaráði. Stjórn sjóðsins setur hámarksupphæð á hverju ári í þessum flokki.

- h) Komist styrkþegi til vinnu að hluta, er heimilt að greiða viðbót þar til lágmarkstekjum skv. b-lið er náð.
- i) Dagpeningar greiðast ekki verði styrkþegi metinn öryrki á bótatímabilinu.
- j) Verði styrkþegi 67 ára áður en rétti skv. b. lið er lokið ber að draga frá styrk sem nemur rétti til lífeyrisgreiðslna viðkomandi.
- k) Styrkur greiðist ekki lengra aftur en 3 mánuði frá því umsókn barst.
8. gr. Styrkur greiðist mánaðarlega um mánaðarmót, (sjá þó f-lið 7. gr.), nema samkomulag sé um annað. Fyrsta greiðsla fer fram minnst tveim vikum eftir að styrkþegi öðlast rétt.
9. gr. Greiðsla styrks fyrnist, sé hennar ekki vitjað innan þriggja mánaða frá gjalddaga.
10. gr. Eingreiddar dánarbætur virkra félagsmanna.
- a) Eingreiddar dánarbætur við andlát virks og greiðandi sjóðfélaga eru 360.000.- krónur. Dánarbætur renna til dánarbús hins látna
- b) Aðrar dánarbætur – félagsmenn hættir störfum vegna aldurs/örorku
Við andlát félagsmanns, sem ekki er á vinnumarkaði en var sjóðfélagi við starfslok er stjórn sjóðsins heimilt að greiða til dánarbús hins látna hluta dánarbóta.
Skilyrði greiðslu skv. þessum lið er að hinn látni hafi verið sjóðfélagi samfellt síðustu 5 ár fyrir starfslok vegna aldurs/örorku, þ.e. var síðast félagsmaður GRAFÍU-stéttarfélags. Greiðsla til eftirlifandi maka eða barna innan 18 ára aldurs skal vera að hámarki kr. 180.000. Stjórn sjóðsins hefur heimild til þess að greiða hluta dánarbóta til annarra lögerfingja sem kosta útför hins látna, að hámarki kr. 120.000.-.
- Bótafjárhæðir miðast við vísitölu neysluverðs pr. 1.1 2017 og taka sömu breytingum og hún.
11. gr. Ef afkomu sjóðsins virðist hætta búin, getur félagsfundur, að fengnum tillögum sjóðstjórnar, ákveðið að lækka styrkuppþætur fram að næsta aðalfundi.
12. gr. Kostnaður við rekstur sjóðsins greiðist af tekjum hans.
13. gr. Eignir sjóðsins skulu ávaxtaðar sem hagkvæmast þykir í viðurkenndum fjármálafyrirtækjum og þess jafnan gætt að lausafé sé sem allra minnst miðað við útgjöld.
14. gr. Heimilt er að verja fé sjóðsins til kaupa eða bygginga orlofs- og hvíldarhúsa Grafíu, enda sé sjóðurinn þá eigandi þeirra húsa, en Orlofssjóður Grafíu rekstraraðili þeirra. Slíkar fjárfestingar verða að vera í samræmi við tilgang

sjóðsins og ráðstöfunarfé. Stjórn sjóðsins er heimilt að taka að láni peninga, ef lausafé reynist ekki nægjanlegt.

Reglugerð Orlofssjóðs.

1. gr. Sjóðurinn heitir Orlofssjóður Grafíu og er eign félagsins.
2. gr. Tilgangur sjóðsins er að veita félagsmönnum möguleika á útivist á orlofssvæðum félagsins með dvöl í orlofsheimilum þess eða í eigin tjöldum og hjólhýsum.
3. gr. Tekjur sjóðsins eru:
 - a. Samningsbundin gjöld atvinnurekenda til sjóðsins.
 - b. Leigutekjur af orlofsheimilum.
 - c. Gjafir og áheiti til sjóðsins og annað sem sjóðstjórn gerir til að afla honum tekna.
4. gr. Sjóðstjórn sér um rekstur og viðhald og/eða breytingar á eignum svo og allar byggingaframkvæmdir á vegum sjóðsins og gætir hagsmuna sjóðsins.

Reglugerð Fræðslusjóðs Grafíu stéttarfélags í prent- og miðlunargreinum

1. gr. Sjóðurinn heitir Fræðslusjóður Grafíu stéttarfélags í prent- og miðlunargreinum og er eign Grafíu.
2. gr. Tilgangur sjóðsins er að stuðla að endur- og viðbótarmenntun félagsfólks Grafíu, svo og námsgagnagerð og námskeiðahaldi.
3. gr. Tekjur sjóðsins eru framlög atvinnurekenda eins og þau eru á hverjum tíma samkvæmt kjarasamningum félagsins og vextir af eignum sjóðsins.
4. gr. Stjórn sjóðsins varðveitir sjóðinn og ávaxtar fé hans og úthlutar úr honum.
5. gr. Skriflegar umsóknir um styrki skulu berast til sjóðstjórnar fyrir þá eindaga sem auglýstir kunna að verða. Rétt til úthlutunar úr sjóðnum hafa allir félagsmenn, sem greitt hefur verið af í a.m.k. tvö síðastliðin ár. Stjórn sjóðsins getur áskilið sér rétt til að krefjast þeirra skilríkja frá fræðslustofnun, er hún telur sér nauðsynleg.
6. gr. Upphæð styrks ákveður stjórn sjóðsins og verður þá að miða við getu sjóðsins hverju sinni.
7. gr. Verði styrkþegi uppvís að því að misnota styrkinn að mati sjóðstjórnar, skal hann missa rétt til frekari úthlutunar í sjóðnum.

Reglugerð um lóðir og byggingar í Miðdal

1. gr. a) Grafía leigir fullgildum félagsmönnum, sem greitt hafa tilskilin félagsgjöld síðastliðin fjögur ár, lóðir undir sumarbústaði. Stærð lóða skal vera sem næst 1200 fermetrar. Lóðirnar eru eign Grafíu og er lóðarhöfum óheimilt að veðsetja þær.

b) Ekki má framselja afnotarétt lóðar eða byggingar öðrum en Grafíu og félagsmönnum Grafíu, svo og þeim sem falla undir ákvæði 3.4 í lögum félagsins.
2. gr. Lóðarhafa ber að greiða framkvæmdagjald sem er samsvarandi árs félagsgjaldi sveins. Gjaldtagi er 1. maí ár hvert. Fullgildir félagsmenn sem greiða fullt félagsgjald eða eru gjaldfrjálssir skv. lögum félagsins fá afslátt sem nemur 2/3 af gjaldinu greiði aðilar fyrir eindaga. Verði vanskil á greiðslu framkvæmdagjaldsins fellur réttur til lóðar úr gildi.

Breytingin vegna 2. gr. taki að fullu gildi frá og með 1. maí 2018.

3. gr. Umsókn um lóð skal vera skrifleg og fylgja henni grunnflatar- og útlitsteikning að væntanlegri byggingu. Allar breytingar frá áður samþykktri teikningu eru óheimilar án skriflegs samþykkis stjórnar Grafíu. Stjórn Grafíu er heimilt að stöðva byggingu bústaðar, fari lóðarhafi ekki eftir samþykktri teikningu um ytra útlit hans. Lóðarsamningurinn og réttindi umsækjanda samkvæmt honum falla úr gildi af sjálfu sér, ef ekki er hafin bygging bústaðar á veittri lóð innan eins árs frá dagsetningu samningsins, og húsið fullbúið að utan innan tveggja ára frá sama tíma. Komi til ógildingar á lóðarsamningum vegna brota á honum eða reglugerð þessari, ber lóðarhafa að selja bústaðinn, sbr. 1. gr., eða flytja hann burt af staðnum. Meta skal bústaðinn af dómkvöddum og óvilhöllum mönnum, ef ekki næst samkomulag um verð og greiðsluskilmála.
4. gr. Sæki félagsmaður, sem á eða selt hefur bústað um lóð að nýju, skal sú umsókn tekin fyrir af stjórn Grafíu.
5. gr. Aðeins Grafía, félagsmenn Grafíu og starfshópar innan félagsins geta átt sumarbústað í Miðdal. Þó geta þeir sem úthlutun hafa fengið frá Grafíu, en hverfa úr félaginu, haldið lóðarréttindum með undanþágu frá stjórn Grafíu. „Komi til þess að sumarbústaður, sem félagsmanni hefur verið látinn í té, falli í eigu annarra en félagsmanna Grafíu, maka hans eða niðja við andlát, gjaldprot eða á annan hátt er afnotaréttur lóðar þar með fallinn úr gildi og skal þá fjarlægja bústaðinn eða selja hann Grafíu, eða einhverjum félagsmanni þess. Um sölu og brottflutning, svo og mat, skal fara eftir tveimur síðustu málslíðum 3. greinar.“

Skal þessa ákvæðis getið í lóðarsamningi. Um sölu eða brottflutning, svo og mat, skal fara eftir tveimur síðustu málslíðum 3. greinar.

6. gr. Vegalagningu að lóðum og lögn aðalvatnsæðar ákvarðar stjórn Grafíu hverju sinni.
7. gr. Hver lóðarhafi skal sjá um að leggja og viðhalda vatnslögn frá aðalvatnsæð að sínum bústað. Í hverjum bústað skal vera vatnssalerni tengt þriggja hólfa rotþró af viðurkenndri gerð. Lóðarhafi kostar frárennsli frá bústað sínum. Jafnframt skuldbindur lóðarhafi sig til að taka þátt í sameiginlegum kostnaði, svo sem vegna sorphreinsunar o.þ.h.
8. gr. Sumarbústaðaeigendur í Miðdal skulu gæta snyrtimennsku í allri umgengni um lóðir og bústaði sína utanhúss og halda bústöðum sínum vel við hvað snertir málun og allt ytra viðhald. Ef nauðsyn krefur hefur stjórn Grafíu rétt til þess að hlutast til um umbætur á kostnað eigenda.
9. gr. Grafía er ekki bótaskyld vegna skemmda sem einstakir bústaðaeigendur eða aðrir kunna að valda á vegum, lóðum, mannvirkjum eða öðrum eignum bústaðaeigenda í sumarbústaðalöndum Grafíu í Miðdal.
10. gr. Allir þeir, sem lóðir fá hjá Grafíu í landi Miðdals skulu hafa með sér félagsskap, sem haldi árlega aðalfund og kjósi sér stjórn. Skal sú stjórn vera tengiliður milli bústaðaeigenda og stjórnar Grafíu.
11. gr. Um breytingar á reglugerð þessari gilda sömu ákvæði og um breytingar á lögum Grafíu. Með samþykkt reglugerðar þessarar falla úr gildi eldri samþykktir varðandi bústaðahverfið í Miðdal.

Bráðabirgðaákvæði

Allir þeir, sem við gildistöku reglugerðar þessarar eiga í byggingu eða fullbyggða sumarbústaði í landi Miðdals í Laugardal - hversu lengi sem þeir hafa átt þá - og fullnægja ákvæðum 5. gr. reglugerðarinnar, skulu undirskrifa lóðarsamning.

Fylgiskjal með reglugerð um lóðir og byggingar í Miðdal, Laugardal.

Skipulag sumarbústaðalands í landi Grafíu stéttarfélags í prent- og miðlunargreinum að Miðdal, Laugardal.

Skilmálar:

1. Skipulag svæðisins.

a) Vegir og lóðir

Svæði undir aðalvegi er 10 metra breitt og 6 metra undir húsagötum. Innan þessara götusvæða verða lagnir svo sem vatns-, raflagnir o.fl. Lóðir reiknast frá þeim línnum sem götusvæðin marka. Leigutaki skal útbúa minnst tvö bílastæði á sinni lóð.

b) Girðingar og skjólveggir á svæðinu:

Heimilt er að girða af einstakar lóðir innan svæðisins, en óheimilt er að nota gaddavír til að afmarka lóðir. Þá má einnig afmarka hverja lóð með hælum eða gróðri.

Skjólveggir eru einungis leyfilegir til að afmarka minniháttar svæði umhverfis sumarhúsin, til skjólmyndunar. Leigutaki skal þó ætíð leita samþykkis leigusala vegna slíkra framkvæmda.

c) Umferðakerfi:

Leigusali mun sjá um framkvæmd á akvegum innan svæðisins. Akvegir þessir eru þannig lagðir að þeir tengjast hverjum lóðarreit. Nauðsynlega vegi og/eða stíga innan lóðarreita, ásamt bílastæðum, skulu leigutakar sjá um á eigin kostnað.

Leigusala er heimilt að setja þær takmarkanir á umferð, sem hann telur nauðsynlegar, á þeim árstíma, sem frost er að fara úr jörðu. Þetta er gert til að koma í veg fyrir skemmdir á vegakerfinu og eins til að forða því að ökumenn freistist til að aka utan vegar, ef vegur er orðinn ókufær.

Umferð stórra vinnuvéla um svæðið er óheimil, nema að höfðu samráði við leigusala.

d) Neysluvatn:

Leigusali mun sjá um að leggja vatnsleiðslu (aðalæð) meðfram götum, en

leigutaki sér um lögn og tengingu frá aðalæð að húsi sínu.

- e) **Holræsi, heitir pottar og rotþrær:**
Leigutaki skal sjá um og kosta að öllu leyti framkvæmdir við holræsi, heita potta og rotþrær. Skal leigutaki leita samþykkis Heilbrigðiseftirlits ríkisins á öllum uppdráttum, sem sýna holræsakerfi og útbúnað til hreinsunar á skolpi og affalli frá heitum pottum. Gert er ráð fyrir þriggja hólfa rotþró við hvern bústað.
- f) **Sorp:**
Leigutaki skal sjá um og kosta sorphreinsun.
- g) **Olúgeymar:**
Leigutökum er heimilt að kynda hús sín með olú, ef hagkvæmt þykir. Skal þá tryggja frágang olúgeyma samkvæmt 95.gr: Heilbrigðisreglugerðar frá 1975.
Leigutaki skal fá samþykki Heilbrigðiseftirlits ríkisins og leigusala á uppdrætti, sem sýnir frágang og staðsetningu olúgeyma.
- h) **Rafmagn:**
Aðgengilegt rafmagn er á svæðinu. Leigutökum er í sjálfsvald sett, hvort þeir taki rafmagnsheimæð, enda bera þeir allan kostnað af því.
Leigutökum ber skilda til að hafa samráð við leigusala um legu rafstrengja og annað sem framkvæmdinni fylgir.
- i) **Opin útivistarsvæði:**
Verulegt landrými umhverfis sumarbústaðasvæðin er ætlað sem opið útivistarsvæði. Á hluta af þessu landrými er einnig mögulegt að koma fyrir leiksvæði, íþróttavelli eða tilsvarendi, ef félagsskapur lóðahafa óskar. Skal það þá gert samkvæmt nánara skipulagi og í samráði við leigusala.
- j) **Húsagerðir – Hámarksflatarmál húss 60m²:**
Hús skulu vera með risþaki og mæni yfir miðri húsbreidd. Húsagerðir geta t.d. verið ferkantaðar, vinkilhús eða T-laga svo dæmi séu nefnd. Hússtefna skal vera eins og sýnd er á skipulagsuppdrætti. Miðað er við að halda hæð húsa sem mest niðri í landinu, og skal því að jafnaði leggja lengri hlið húss samsíða hæðarlínum. Mesta leyfilega vegg hæð er 2,6 m. Er þar átt við hæð frá gólfbita að skurðarlínu vegggrindar að utan og efribrún sperru (eða þakása, séu þeir ofaná sperrum). Mesta hæð á mæni er 4,80 m. Er þar átt við hæð frá gólfbita að skurðarlínu efribrúna sperra (eða þakása, séu þeir ofaná sperrum).

Sumarhús skal vera fullfrágengið að utan innan tveggja ára frá því að byggingaframkvæmdir við það hefjast.

k) **Litir húsa:**

Skærir og áberandi litir eru ekki leyfðir. Þök skulu máluð í mildum jarðlitum. Til viðmiðunar er bent á liti, þangbrúnt, rústrautt og laufgrænt. Veggj, glugga, hurðir, palla og handrið skal einnig lita í mildum litum. Allir náttúrulegir viðarlitir eru leyfðir. Leigutaki skal hafa samráð við leigusala áður en húsi er endanlega valinn litur.

2. **Uppdrættir.**

a) **Skipulagsuppdráttur:**

Með úthlutun fylgir skipulagsuppdráttur af svæðinu í mælikvarða 1:2000.

b) **Teikningar af bústöðum:**

Teikningar af grunnmynd, sniði og útliti hvers bústaðar í mælikvarða 1:100 eða 1:50, ásamt afstöðumynd í mælikvarða 1:200 eða 1:500 skal leggja inn til byggingarnefndar í þrítíti, og skulu þær hljóta samþykki hennar, áður en framkvæmdir hefjast. Frágangur á byggingum og lóð er allur á kostnað og ábyrgð leigutaka. Sjá ennfremur ýmis ákvæði um frágang og útlit í öðrum greinum þessara skilmála.

c) **Staðsetning húsa á lóð:**

Aðal stefna og staðsetning er sýnd á skipulagsuppdrætti. Þó geta orðið minniháttar breytingar á staðsetningu húsa er miðast að verndun gróðurs, og auðveldari gerð undirstaða. Staðsetning húsa skal gerð af byggingarfulltrúa svæðisins.

Þegar leigutaki æskir eftir staðsetningu á húsi, skal hann hafa til taks fjóra tréhæla 50x50 m/m 100 cm langa og tvær þverslár 25x100 m/m 100 cm langar. Einnig skal leigutaki hafa tiltæka 50 m/m langa nagla og 20 m langa snúru.

3. **Skilyrði fyrir úthlutun.**

a) **Úthlutun:**

Skilmálar gera ráð fyrir að úthluta lóð til að reisa á einn sumarbústað. Heimilt er þó að hafa geymslu/vinnuskúr á lóð að hámarki 12 ferm.

4. Umgengni.

a) **Almenn umgengni:**

Snyrtileg umgengni er áskilin og er leigusala heimilt að láta fjarlægja á kostnað leigutaka (in solidum) allt rusl og annað sem til óþrifa er. Sömuleiðis er leigutaka skylt að hlíta lögum og reglum um náttúruvernd.

b) **Viðhald mannvirkja og refsíákvæði:**

Brjóti leigutaki verulega skilyrði leigusala, t.d. ef bústöðum er ekki haldið við á fullnægjandi hátt, sömuleiðis ef leigutaki ráðstafar bústað til annarra án samþykkis leigusala, eða notar bústað á annan hátt en gert er ráð fyrir, þá er leigusala heimilt, að undangenginni áminningu, að fella leigusamning úr gildi og fjarlægja mannvirki á kostnað leigutaka. Heimild leigusala er þó háð því, að tveir dómkvaddir menn votti, að ástand bústaða sé slíkt, sem að framan greinir.

5. Önnur ákvæði:

a) **Gerð lóðarsamnings:**

Við gerð lóðarsamnings skal leigusali afhenda leigutaka skipulagsuppdrátt af svæðinu, sem sýni staðsetningu og stærð þess svæðis, sem leigt er, einnig skilmála þess.

b) **Annað:**

Lausaganga hunda og annarra gæludýra er óheimil. Öll meðferð skotvopna er stranglega bönnuð. Öll meðferð opins elds er stranglega bönnuð, nema við matargerð, í sérhönnuðum tækjum (t.d. útigrillum).

c) Leigusala er heimilt að setja frekari skilmála.

Um breytingar á reglugerð þessari gilda sömu ákvæði og um breytingar á lögum Grafíu. Með samþykkt reglugerðar þessarar falla úr gildi eldri samþykktir varðandi bústaðahverfið í Miðdal.

Fundarsköp Grafíu stéttarfélags í prent- og miðlunargreinum

1. KAFLI

Boðun funda og fundarstaður

- 1.1. Fundi skal boða tryggilega.
- 1.2. Fundaboðendur skulu velja fundarstað, sem rúmar vel áætlaða fundarsókn. Þeir skulu og hafa tilbúið nægilegt magn atkvæðaseðla, og undirbúa svo fundi á allan hátt, að þeir geti farið fram án sérstakra tafa.

2. KAFLI

Fundarstjóri og fundarstjórn

- 2.1. Formaður félagsins, í fjarveru hans varaformaður, en ella oddviti fundarboðenda setur fund og tilnefnir fundarstjóra, sem síðan stýrir fundi, ef fundurinn fellst á tilnefningu hans. Nú fellst fundurinn ekki á tilnefningu fundarboðenda um fundarstjóra, og skal þá kjósa á milli þess er fundarboðendur leggja til að verði fundarstjóri, og hins er fundurinn tilnefnir. Skal sá verða fundarstjóri er flest atkvæði hlýtur.
- 2.2. Ef ágreiningur rís um skilning á fundarsköpum þessum, sker fundarstjóri úr. Komi fram tillaga um að hrinda úrskurði fundarstjóra, skal fara með þá tillögu skv. b-lið 4.4.
- 2.3. Fundarstjóri skal sjá um að röð og regla ríki á fundinum. Ef þörf krefur, eða ef a.m.k. 5 fundarmenn æskja þess skriflega, skal fundarstjóri ganga úr skugga um rétt manna til fundarsetu. Fundarstjóri skal gæta þess að fundarritari færi fundargerðabók réttilega. Fundarstjóra er heimilt að krefjast þess, að einn fundarmanna aðstoði sig við fundarstjórnina ef þurfa þykir.
- 2.4. Í upphafi fundar skal fundarstjóri geta þess hvort engin eða einhverjar athugasemdir og þá hverjar hafi borist við síðustu fundargerð. Sé þess óskað af a.m.k. fimm fundarmönnum skal lesa fundargerðina og athugasemdir sem við hana hafa borist. Fundargerðin og athugasemdir, ef fram hafa komið, er síðan borin umræðulaust upp til samþykktar. Breytingartillögur skulu afgreiddar þegar í stað. Fundarstjóri skal því næst lesa upp dagskrá fundarins, eins og hún er greind í fundarboði.
- 2.5. Fundarstjóri skal gæta þess að afgreiðslu hvers dagskrárliðar sé að fullu lokið, áður en næsti liður er tekinn fyrir. Hann skal og gæta þess að tillögur séu svo skýrar sem verða má, og vekja athygli flutningsmanna á göllum á tillögum þeirra, og vísa tillögunum frá, sé ekki úr bætt.
- 2.6. Á aðalfundum félagsins og almennum félagsfundum skal fundarstjóri, ef hann óskar að taka þátt í umræðum um dagskrárlið, fela þeim fundarmanni er hann

hefur hvatt sér til aðstoðar stjórn fundarins uns dagskrárliðurinn hefur verið afgreiddur. Á öðrum fundum er fundarstjóra heimilt að taka þátt í meðferð mála.

- 2.7. Gerist ræðumaður of langorður, að mati fundarstjóra, getur hann hvatt ræðumann til að stytta mál sitt. Fari ræðumaður ekki að boði fundarstjóra, eða ef sýnt þykir að ekki tekst að afgreiða þau mál er fyrir fundinum liggja, á þeim tíma er til fundarins var ætlaður, er fundarstjóra heimilt, með samþykki fundarins, að takmarka ræðutíma.
- 2.8. Ef fundarmaður hindrar eðlilega fundarstarfsemi með ósæmilegri framkomu, skal fundarstjóri áminna hann. Nú lætur fundarmaður ekki af fyrri háttsemi sinni þrátt fyrir ítrekaðar áminningar getur fundarstjóri, með samþykki fundarins, vísað fundarmanni af fundi.

3. KAFLI

Framsaga og umræður

- 3.1. Ef fundarmaður vill taka til máls, skal hann óska þess við fundarstjóra að verða skráður á mælendaskrá. Fundarstjóri skal skrá menn á mælendaskrá í þeirri röð, sem þeir biðja um orðið. Framsögumanni máls skal þó heimilt, þrátt fyrir mælendaskrá, að koma að stuttum skýringum við málstað sinn.
- 3.2. Fundarstjóri skal gefa mönnum orðið í samræmi við mælendaskrá. Þá er félagsmaður vill taka til máls, skal hann standa upp og ávarpa fundarstjóra; hann skal halda sér við málefni það sem til umræðu er, og forðast allar málalengingar. Nú standa tveir félagsmenn eða fleiri upp samtímis til að biðja sér hljóðs og sker þá fundarstjóri úr, hver fyrst skuli taka til máls. Enginn má tala oftar en tvisvar við sömu umræðu sama máls nema flutnings- og framsögumenn mála. Þeir mega tala svo oft sem þurfa þykir. Þó skal félagsmönnum heimilt að taka oftar til máls til að bera af sér ámæli, leiðréttu misskilning eða þess háttar, en ekki má hann tala lengur en þrjár mínútur í senn. Meðan félagsmaður er að halda ræðu, má enginn taka fram í fyrir honum nema til þess að biðja fundarstjóra um leyfi til að koma með skýringu. Nú er félagsmanni leyft að koma með skýringu, og má hann þá aðeins skýra misskilning á orðum, en ekki ræða efni málsins. Allt samtal sem ruglað getur þann, sem er að tala, eða tálmað fundarstörf, skal talið brot á góðri reglu.
- 3.3. Þrátt fyrir ákvæði 3.1. og 3.2., skal alltaf leyfa þeim fundarmanni, sem orðið hefur, að ljúka máli sínu.

4. KAFLI

Tillögur

- 4.1. Fundarstjóra er aðeins heimilt að taka skriflegar tillögur til afgreiðslu. Tillaga má ekki vera lengri en 100 orð, nema henni sé dreift skriflega til allra fundarmanna.

4.2. Flutningsmaður tillögu skal lesa tillöguna fyrir fundarmenn, og mæla fyrir henni sé það heimilt. Að því loknu skal fundarstjóri leita eftir stuðningi við tillöguna. Sé tillagan ekki studd a.m.k. af einum fundarmanni, skal líta svo á að hún hafi ekki verið flutt. Séu flutningsmenn tillögu fleiri en einn, þarf ekki að leita eftir stuðningi við tillöguna.

4.3. Nú koma fram fleiri en ein tillaga undir sama dagskrárlið, og skal fundarstjóri bera þær upp í þeirri röð, sem þær berast honum. Nú koma fram breytingatillögur við aðaltillögu, og skal þá bera þær upp á undan aðaltillögu, og þá fyrst er lengst gengur.

Viðaukatillögu við aðaltillögu skal bera upp eftir að aðaltillaga hefur verið samþykkt. Sé aðaltillaga felld, skal ekki heimilt að bera upp viðaukatillögu.

4.4. Fundarstjóri skal bera upp umræðulaust og þegar í stað, nema þegar á umræðu eða atkvæðagreiðslu stendur, eftirfarandi tillögur, enda fullnægi tillögur þessar ákvæðum 4.1. og 4.2.

a)Tillögu um vantraust á fundarstjóra.

b)Tillögu um að breyta úrskurði fundarstjóra.

c)Tillögu um að fresta eða slíta fundi.

d)Tillögu um að áður fram komin tillaga sé borin undir atkvæði þegar í stað. Tillögum skv. þessum lið skal þó framsögumaður dagskrárliðar hafa rétt til að andmæla, enda tali hann ekki lengur en 5 mínútur.

e)Tillögu um að afla frekari upplýsinga um mál.

4.5. Komi fram tillaga um afbrigði frá fundarsköpum þessum skal fara með þá tillögu á sama hátt og greinir í 4.4., en þó þarf 2/3 greiddra atkvæða, til að slík tillaga teljist samþykkt.

4.6. Fundarstjóri skal lesa upp tillögu áður en atkvæðagreiðsla fer fram, komi fram ósk um það.

5.. KAFLI

Atkvæðagreiðslur

5.1. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála og kosningum, nema lög félagsins, reglugerðir eða fundarsköp þess mæli á annan veg. Nú falla atkvæði jafnt í atkvæðagreiðslu um tillögu og telst hún þá fallin. Falli atkvæði jafnt í kosningu, skulu atkvæðin talin að nýju, og verði fyrri talning þá staðfest, skal varpa hlutkesti og skal sá er vinnur hlutkestið teljast rétt kjörinn.

- 5.2. Atkvæðagreiðslur skulu fara fram með handauppréttingu, en komi fram skrifleg krafa frá 5 fundarmönnum hið fæsta, um leynilega atkvæðagreiðslu, er skylt að verða við kröfunni. Fundarstjóri getur, ef ástæða er til, tekið ákvörðun um að láta skriflega atkvæðagreiðslu fara fram, þótt ekki komi fram krafa þar um.
- 5.3. Nú verða engar umræður um fram komna tillögu og fundarstjóri hefur ríka ástæðu til að ætla, að fundarmenn séu tillögunni samþykkir, enda kemur ekki fram tillaga um atkvæðagreiðslu, þá getur fundarstjóri lýst því yfir, að hann telji fram komna tillögu samþykkt, og skal líta á að svo sé, ef enginn hreyfir andmælum.
- 5.4. Við atkvæðagreiðslu, sem fram fer með handauppréttingu, skal fundarstjóri skipa a.m.k. 2 teljara, og skal þess gætt að þeir séu fulltrúar andstæðra sjónarmiða ef mögulegt er. Við leynilega atkvæðagreiðslu telur fundarstjóri atkvæði, en kveðja skal hann til fulltrúa þeirra sjónarmiða eða frambjóðenda sem um er kosið, til að gæta réttmætra hagsmuna við talninguna. Fundarstjóri úrskurðar vafaatkvæði, að fengnu álitum fulltrúa við talninguna.

6. KAFLI

Fundarhlé, frestun og slít fundar

- 6.1. Tillögu um fundarhlé má bera upp á milli dagskrárliða og skal slík tillaga borin umræðulaust undir atkvæði, en ekki skal fundarhlé vera lengra en 30 mínútur.
- 6.2. Fundarstjóri getur frestað fundi í allt að 15 mínútur, ef það þykir nauðsynlegt til að koma á reglu á fundinum. Nú er fundi fram haldið eftir slíka frestun, og ekki hefur úr rætst, og getur þá fundarstjóri slitið fundi, ef önnur úrræði sem fundarsköp þessi heimila duga ekki til að halda uppi reglu.
- 6.3. Nú er fundi frestað skv. 6.2., og fundarstjóri setur hann ekki aftur innan 15 mínútna, þá telst umboð hans niður fallið, og er þá fundarboðendum heimilt að tilnefna nýjan fundarstjóra eða slíta fundi.

7. KAFLI

Niðurlagsákvæði

- 7.1. Stjórn félagsins skal sjá til þess, að félagsmenn geti jafnan eignast eitt eintak af fundarsköpum þessum.
- 7.2. Fundarsköpum þessum verður aðeins breytt á aðalfundi félagsins og þarf til þess 2/3 hl. atkvæða fundarmanna.

| Efnisniðurröðun laganna | Bls. |
|--|-------------|
| 1. Kafli.Nafn, heimili, starfssvæði, tilgangur og iðnsvið | 3 |
| 1.1. Nafn. | |
| 1.2. Heimili og varnarþing. | |
| 1.3. Tilgangur. | |
| 1.4. Iðnsvið. | |
| 2. kafli.Aðildarsambönd | 3 |
| 2.1. Aðildarsambönd. | |
| 3. Kafli.Félagsaðild | 4 |
| 3.1. Skilyrði aðildar. | |
| 3.2. Inntökubeiðni. | |
| 3.3. Samþykkt inntökubeiðni. | |
| 3.4. Réttindi kennara í Tækniskólanum (Upplýsingatækniskólanum). | |
| 3.5. Skuld við annað félag eða ASÍ. | |
| 3.6. Úrsögn. | |
| 4. Kafli.Réttindi og skyldur félagsmanna | 5 |
| 4.1. Réttindi félagsmanna. | |
| 4.2. Skyldur félagsmanna. | |
| 4.3. Undantekning. | |
| 5. Kafli.Réttindamissir og brottrekstur | 6 |
| 5.1. Skilyrði réttindamissis. | |
| 5.2. Úrskurðaraðilar. | |
| 5.3. Viðurlög. | |
| 5.4. Útstrikun af félagaskrá. | |

- 5.5. Starfsmenn í verkalýðshreyfingunni.
- 5.6. Undanþága frá gjaldskyldu.
- 5.7. Vinnustöðvun án verkfalls.

6. Kafli. Stjórnkerfi félagsins 7

- 6.1. Stjórn félagsins.
 - 6.1.1. Skipan stjórnar.
 - 6.1.2. Kosning formanns.
 - 6.1.3. Kjör annarra stjórnarmanna.
 - 6.1.4. Varamaður tekur sæti v/formannskjörs.
 - 6.1.5. Varastjórn.
- 6.2. Trúnaðarmenn og trúnaðarráð.
 - 6.2.1. Kjör trúnaðarmanna.
 - 6.2.2. Trúnaðarráð.
 - 6.2.3. Seta stjórnar í trúnaðarráði.

7. Kafli. Framboð og kosning stjórnar og trúnaðarráðs 8

- 7.1. Tillögur um formann.
- 7.2. Stjórnarkjör.
- 7.3. Tillögur um frambjóðendur.
- 7.4. Samræming framboða.
- 7.5. Framkvæmd stjórnarkjörs.
- 7.6. Réttkjörnir.
- 7.7. Verkaskipting stjórnar.
- 7.8. Trúnaðarráðsmaður kjörinn í stjórn.
- 7.9. Tillögur um trúnaðarráðsmenn.
- 7.10. Réttkjörnir trúnaðarráðsmenn.

8. Kafli. Störf stjórnar - einstakra stjórnarmanna - trúnaðarmanna - trúnaðarráðs og félagslegra kjörinna skoðunarmanna. 9

- 8.1. Störf stjórnar.
 - 8.1.1. Umsjón með kosningum trúnaðarmanna.
 - 8.1.2. Framkvæmd funda.
 - 8.1.3. Aðstoð við félagsmenn í atvinnuleit.
 - 8.1.4. Daglegur rekstur félagsins.
- 8.2. Störf einstakra stjórnarmanna.
 - 8.2.1. Störf formanns.
 - 8.2.2. Störf ritara.
 - 8.2.3. Störf gjaldkera. (Sjá og 8.2.4. og 8.2.5.).
- 8.3. Störf trúnaðarmanna og trúnaðarráðs.
 - 8.3.1. Ráðning starfsfólks.
 - 8.3.2. Störf trúnaðarmanna.
 - 8.3.3. Störf trúnaðarráðs.
 - 8.3.4. Fundir trúnaðarráðs.
 - 8.3.5. Fundarstjóri og ritari trúnaðarráðs.
- 8.4. Störf félagslegra kjörinna skoðunarmanna.
 - 8.4.1. Alhliða endurskoðun og kærueimild/skylda.

9. Kafli. Fundir. 11

- 9.1. Aðalfundur og boðun hans.
- 9.2. Vald aðalfundar.
- 9.3. Dagskrá aðalfundar.
- 9.4. Lögmæti aðalfundar.
- 9.5. Tillögur til lagabreytinga.
- 9.6. Félagsfundir.

| | | |
|------------|---|-----------|
| 9.7. | Lögmæti félagsfunda. | |
| 9.8. | Málskot á niðurstöðu félagsfunda. | |
| 9.9. | Stjórn funda. | |
| 10. | Kafli.Um fjármál félagsins, sjóði þess og fleira | 13 |
| 10.1. | Sjóðir félagsins. | |
| 10.2. | Ákvörðun félagsgjalda og skipting þeirra. | |
| 10.3. | Styrkir miðast við. | |
| 10.4. | Gjalddagi félagsgjalda. | |
| 10.5. | Hlutverk félagssjóðs. | |
| 10.6. | Reikningsár. | |
| 10.7. | Breytingar á reglugerðum. | |
| 10.8. | Ágreiningur út af lögum og reglugerðum félagsins. | |
| 11. | Kafli.Heiðursfélagar | 14 |
| 11.1. | Val heiðursfélaga og fleira. | |
| 12. | Kafli.Útgáfustarfsemi | 14 |
| 12.1. | Útgáfa félagsblaðs. | |
| 12.2. | Ritstjórn blaðsins. | |
| 12.3. | Útgáfa fréttabréfa. | |
| 13. | Kafli.Nefndir | 14 |
| 13.1 | Fræðslunefnd. | |
| 13.2. | Aðrar nefndir. | |
| 14. | Kafli.Starfsmenn Grafíu | 15 |
| 14.1. | Starfsmenn Grafíu. | |
| 15. | Kafli.Gerðardómur | 15 |

| | | |
|---|---|-------------|
| 15.1. | Aðiljar ágreinings og gerðardómsheimild. | |
| 15.2. | Skipan gerðardóms. | |
| 15.3. | Úrskurður um efnisatriði er endanlegur. | |
| 15.4. | Önnur atriði um ágreining út af lögunum. | |
| 16. Kafli. | Niðurlagsákvæði | 16 |
| 16.1. | Breytingar á lögunum. | |
| 16.2. | Gildi lagabreytinga. | |
| 16.3. | Slit félagsins. | |
| 16.3. | Úrsögn úr ASÍ. | |
| Efnisniðurröðun reglugerða | | Bls. |
| Reglugerð Styrktar- og tryggingasjóðs | | 16 |
| Reglugerð Sjúkrasjóðs | | 17 |
| Reglugerð Orlofssjóðs | | 20 |
| Reglugerð Fræðslusjóðs Grafú | | 20 |
| Reglugerð um lóðir og byggingar í Miðdal | | 21 |
| Fylgiskjal með reglugerð um lóðir og byggingar í Miðdal | | 24 |
| Efnisniðurröðun fundarskapa. | | 29 |
| 1. Kafli. | Boðun funda og fundarstaður | 29 |
| 1.1. | Boðun funda. | |
| 1.2. | Fundarstaður. | |
| 2. Kafli. | Fundarstjóri og fundarstjórn | 29 |
| 2.1. | Val fundarstjóra. | |
| 2.2. | Úrskurðarvald fundarstjóra. | |
| 2.3. | Almenn störf fundarstjóra. | |

2.4. Lestur fundargerðar síðasta fundar og dagskrár.

2.5. Ágallar á tillögum o.fl.

2.6. Þátttaka fundarstjóra í meðferð mála.

2.7. Takmörkun ræðutíma.

2.8. Brottrekstur af fundi.

3. Kafli.Framsaga og umræður 30

3.1. Mælendaskrá.

3.2. Röð ræðumanna.

3.3. Undantekningar.

4. Kafli.Tillögur 31

4.1. Tillögur skulu vera skriflegar.

4.2. Stuðnings við tillögu leitað.

4.3. Breytingar og viðaukatillögur.

4.4. Dagskrártillögur og tillögur um framkvæmdaratriði.

4.5. Afbrigði frá fundarsköpum.

4.6. Fundarstjóri les tillögur.

5. Kafli.Atkvæðagreiðslur 32

5.1. Meirihlutar.

5.2. Aðferð við atkvæðagreiðslur.

5.3. Samþykki tillagna án atkvæðagreiðslu.

5.4. Talning atkvæða.

6. Kafli.Fundarhlé, frestun funda og slit þeirra 33

6.1. Fundarhlé.

6.2. Frestun funda.

6.3. Fundarstjóri missir umboð sitt.

7. Kafli.Niðurlagsákvæði 34

7.1. Aðgangur að fundarsköpum.

7.2. Breyting á fundarsköpum.